



Þegar verið er að kenna nemendum að rita um staðreyndir eru vefleiðangrar mjög góð leið. Vefleiðangrar eru þannig upp byggðir að nemendur eiga að geta farið eftir þeim án mikillar aðstoðar kennarans. Þeir auka sjálfstæði nemenda sem læra að axla ábyrgð á vinnu sinni. Þá eru vefleiðangrar þannig upp byggðir að allir getuhópar eiga að geta unnið eftir þeim. Þeir sem minna geta velja sér færri og einfaldari heimildir og hinir geta farið í fleiri heimildir og flóknari. Þannig er komið til móts við allan nemendahópinn þar sem kennarinn verður í hlutverki verkstjórnandans.

Vefleiðangurinn um hvali er mjög góður til að kenna nemendum að skrifa heimildritgerð. Þegar unnið er með hvali er líka gott að samþætta hinar ýmsu námsgreinar. Vefleiðangurinn flokkast undir íslensku og upplýsingatækni. Í Geisla 2 er heill kafli um hvali. Í samfélagsfræði gæti kennarinn útbúið fyrirlestra um hvalveiðar Íslendinga nú á tímum og áður fyrr. Í náttúrufræði gæti kennarinn fjallað um hvali sem spendýr. Í ensku væri hægt að láta nemendur gera ferðabækling um hvalaskoðun. Þannig væri hægt að láta nemendur sökkva sér ofan í vinnu við þessar stórmerkilegu skepnur í 6-8 vikur. Spennandi tilbreyting í kennslu!

<http://www.arifrodi.net/hvalir/>